



**Staða samvinnuverks um umhverfisáhrif
jarðhitanýtingar**

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-92-09



STAÐA SAMVINNUVERKS UM UMHVERFISÁHRIF JARÐHITANÝTINGAR

Forverk :

Vinna við forverkin hefur gengið talsvert hægar en til stóð og stafar það einkum af því að hún hófst ekki fyrr en gengið hafði verið frá samningum í lok mars og einnig því að mannekla var á Orkustofnun þessa mánuði, sem vinna átti verkið. Búið er að vinna um 50% þeirrar vinnu, sem vinna átti á Orkustofnun.

Búinn var til spurningarlisti yfir öll helstu atriði, sem tengjast umhverfisáhrifum jarðhitavinnslu og listi yfir atriði, sem þarf til að ráða bót á hugsanlegum ágöllum. Safnað hefur verið heimildum um öll vinnslusvæðin og búnar til skrár yfir þær. Búið er að grófraða þeim eftir atriðum í spurningalisti fyrir Hitaveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja, en ekki enn fyrir Landsvirkjun. Safnað hefur verið rúmlega 100 ritum og greinum um Svartsengi og Reykjanes, tæplega 100 ritum um Nesjavelli og Hengilssvæði og tæpum 200 ritum um Kröflu, Námafjall og nágrenni.

Vonast er til að unnt verði að ljúka forverkum í desember.

Sérverk:

Vinna við sérverk hefur gengið að mestu samkvæmt áætlun. Lokið er landmælingum bæði í Svartsengi og Hengli.

Pyngdarmælingar í Svartsengi eru rúmlega hálfnaðar.

Útivinnu við grunnvatnskort af Ölkelduhálsi er lokið og verður úrvinnslu og frágangi lokið eftir u.p.b. mánuð.

Útfellingaprófanir í Svartsengi hafa tafist þar sem undirbúningur tafðist, en munu væntanlega hefjast á haustmánuðunum.

Vinna við úttekt á efna- og orkuflæði í orkuverinu í Svartsengi mun væntanlega hefjast mjög bráðlega.

Rannsóknir á ósnortnum svæðum :

Vinna við rannsóknir á ósnortnum svæðum hefur farið fram í því umfangi, sem áætlað var fyrir þetta ár.

Áætlun um framhald verksins :

Áætlanagerð fyrir framhald verksins á næsta ári og skilgreining á nýjum verkefnum er að hefjast.